

Fréttatilkynning

26. október 2001

Vetrardekk nokkrir góðir kostir í boði

Eiginleikar loftbóludekkja og negldra dekkja skila sér best á þurru ísuðu yfirborði

Ný íslensk tilraun gefur til kynna að talsverður munur sé á hemlunarvegalengd mismunandi tegunda vetrardekkja við mælingu á þurrum ís. Fjórar tegundir voru prófaðar, ónegld vetrardekk, negld vetrardekk, loftbóludekk og harðkornadekk. Ekki reyndist marktækur munur á hemlunarvegalengd loftbóludekkja og negldra dekkja, en meiri vegalengd þurfti til að stöðva ökutæki á harðkornadekkjum og enn meiri á ónegldum vetrardekkjum.

Ekki er munur á hemlunarvegalengd mismunandi vetrardekkja á þurru og bleyttu malbiki, nema loftbóludekk þurftu heldur meiri vegalengd en önnur dekk sem prófuð voru á bleyttu malbiki. Tilraun var gerð á 40 km/klst og 60 km/klst hraða á bílum bæði með og án ABS hemla á þurrum ís, en eingöngu með ABS hemlum á þurru og bleyttu malbiki. Sami ökumaður ók bílunum í öllum tilfellum.

Athygli vekur að fram kom í tilrauninni að reyndur ökumaður getur beitt hemlum ökutækis án ABS-kerfis, þannig að árangur verði sambærilegur og ef ABS-kerfi er fyrir hendi. Það verður þó að hafa í huga að ökumaður var einbeittur til að gera þetta í tilrauninni og óvíst er hver viðbrögð eru þegar óvænt ástand kemur upp. Þetta leiðir hins vegar hugann að því hversu stóran þátt sjálfur ökumaðurinn á í því að bregðast rétt við hinum mjög svo margvíslegu aðstæðum sem komið geta upp í umferðinni, bæði hvað varðar færð og annað. Þá getur mismunandi útbúnaður, meðal annars dekkjagerð, komið að gagni en margt bendir til að ekki sé nein ein dekkjagerð sem hentar best við allar aðstæður.

Þetta eru helstu niðurstöður sérstakrar tilraunar sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gerði fyrir borgarverkfræðing/gatnamálastjóran í Reykjavík, Vegagerðina og Umferðarráð í samstarfi við Skráningarstofuna hf., Frumherja hf. og rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Könnuðir nutu sérstakrar aðstoðar m.a. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Flugmálastjórnar, Ingvars Helgasonar hf. og Hreinsitækni. Bræðurnir Ormsson, Ísdekk og Sólning lögðu til hjólbarða í tilraunina.

Tilraun á ís var gerð á kvartmílubrautinni sunnan við Hafnarfjörð, en hinn hluti tilraunarinnar á braut við húsnaði Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á Keldnaholti. Umsjón með tilrauninni höfðu Pétur Pétursson og Þórir Ingason hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Skýrsluna er að finna á heimasíðu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og er slóðin: <http://www.rabygg.is/skjol/veg/prohemlvegl.pdf>